

Ed.

427. Frumvarp til laga

um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, allskonar eldvopnum og hlutum og efni í þau.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Dómsmálaráðherra skal heimilt að ákveða með reglugerð, hverskonar skotvopn, skotfæri og eldvopn skuli flutt til landsins og seld almenningi, um álagning á þau, svo og hvernig fara skuli með birgðir þær af skotvopnum, skotfærum, hlutum og efni í þau, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu. Í reglugerðinni skal ennfremur kveðið á um heimild manna til að hafa vopn í vörzlum sínum, og skulu þau ákvæði einnig ná til þeirra vopna, skotfæra, eldvopna o. s. frv., sem eru í vörzlum einstaklinga, félaga og firma við gildistöku laga þessara.

2. gr.

Þeim einum skal veitt heimild til þess að hafa vopn í vörzlum sínum, er sýna skilríki fyrir því, að þeim sé það nauðsynlegt vegna atvinnu sinnar.

Halda skal skrá yfir þá menn, er leyft hefir verið að hafa vopn í vörzlum sínum, og um það, hverskonar vopn þeim hefir verið leyft að hafa.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, varða allt að 10000 kr. sekt, ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu vopn þau og skotfæri, sem inn eru flutt eða eru í vörzlu manna í heimildarleysi, gerð upptæk og andvirði þeirra renna í rikissjóð.

4. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerð, settri samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk dómsmálaráðherra. Um einstök atriði frv. hafa nefndarmenn óbundið atkvæði.

Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

„Það mun nú vart finnast það ríki, sem ekki lætur vopnagerð, vopnasölu og vopnaburð til sín taka að einhverju leyti, enda er þeirri stefnu að vaxa fylgi í flestum löndum, að rikisstjórnnum beri að hafa sem sterkasta ihlutum um þessi mál. Það þykir eðlilegt, að rikisstjórnin hér á landi hafi hönd í bagga með vopnasölu og vopnaburði. Er þetta frumvarp af þessum sökum fram komið.“